

Styrkþegi: Múltikúlti ehf.

Verkefni: Múrbrjótur – íslenska og atvinnuleit

Samantekt

Námskeiðið *Múrbrjótur – atvinnuleit og íslenska* felur í sér hnitmiðaða vinnu við vinnslu ferilskrár, þjálfun í atvinnuleit og -viðtölum með það sem markmið að gera þátttakendur betur í stakk búna til að sækja um störf við sitt hæfi. Þá er farið yfir útfyllingu umsóknareyðublaða og skriflegra umsókna, auk þess sem þátttakendur eru undirbúnir fyrir atvinnuviðtöl sem tekin verða upp á myndband og þeir skoða og læra af.

Þá er íslenskur vinnumarkaður og hlutverk stéttarfélaga kynnt, bæði með heimsóknum atvinnuveitanda og til stéttarfélags. Lögð er áhersla á að kenna orðaförða sem nýtist þeim í atvinnuleitinni jafnhliða öðru efni. Þá er lögð áhersla á sjálfstyrkingu í gegnum æfingar og leiki og þeir aðstoðaðir við að skoða og byggja upp persónulegt tengslanet.

Námskeiðið byggir á virkri þátttöku, með einstaklings- og hópavinnu í gegnum samtöl, æfingar og leiki. Hluti námskeiðsins er virk atvinnuleit. Þátttakendur eru aðstoðaðir við að nýta sér efni námskeiðsins í atvinnuleitinni jafnóðum og það er kennt. Námskeiðið er ætlað jafnt fólk af erlendum uppruna sem er eða hefur verið atvinnulaust, en einnig og ekki síst þeim sem vilja tryggja sér betri stöðu á vinnumarkaði og leggja áherslu á starfsþróun sína.

Grantee: Múltikúlti ehf.

Project: Múrbrjótur – íslenska og atvinnuleit

Abstract

The seminar, *Múrbrjótur – atvinnuleit og íslenska* includes concentrated work with CV, training in job-search and –interviews with the goal of making the participants more capable in applying for work fitting their abilities. The seminar also covers filling out application forms and written applications. The participants are prepared for job-interviews that are recorded on video, which they look at and learn from.

Icelandic labor-market is explored and the role of unions, both with visit by an actual employer and also the group visits a labor union. Special emphasis is put on learning new vocabulary that can be useful in the job-search, along with other material. Then there is work on building up the participants confidence through games and practices while also helping them to clarify and develop their personal network.

The seminar aims at active participation, with work with individuals and in groups through conversations, practices and games. Part of the seminar is active job-search. The participants receive help with utilizing the seminars material as it goes along. The seminar's target group is people of foreign origin that has been unemployed, but also, and not least, those who want to strengthen their position on the labor-market and job-development.